



## Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

júní 2021

### Kæru viðtakendur!

Hér kemur þriðja fréttabréf AkureyrarAkademíunnar á þessu ári og í því er greint frá helstu tíðindum úr starfinu á vettvangi AkAk frá því að síðasta fréttabréf var sent út í apríl sl.

Góðar stundir í sumar!

### Starfið

Eins og greint var frá í síðasta fréttabréfi þá héldu stjórnir og félagar AkureyrarAkademíunnar og ReykjavíkurAkademíunnar rafrænan málfund 26. apríl sl. til að eiga samtalið um aðferðir við að efla samstarf akademíanna út frá markmiðum nýs samstarfssamnings. Formenn stjórnna AkAk og RA kynntu fyrst stuttlega starfsemi sinna stofnana og farið var yfir nýjan samstarfssamning. Í umræðum um aðferðir við að efla samstarfið var lögð áhersla á að halda reglulega fundi, ekki bara milli stjórnna heldur líka fræðimanna, og að mikilvægt væri að koma á samstarfi um innra starf akademíanna á ýmsum sviðum í því skyni að efla faglega og fræðilega umræðu, félagslega samveru og upplýsingastreymi. Stjórnnum akademíanna var falið að setjast saman yfir málin og koma með tillögur um aðferðir við að ýta samstarfinu úr vör næsta haust.

Á ársfundi AkAk 20. maí sl. var kosið í stjórn og fulltrúaráð fyrir næsta starfsár. Í stjórn eru Steinunn A. Ólafsdóttir formaður, Þórhallur S. Bjarnason gjaldkeri og dr. Sigurgeir Guðjónsson ritari. Í fulltrúaráði eru Bergljót Þrastardóttir, Margrét Guðmundsdóttir, dr. Martina Huhtamäki og dr. Valgerður S. Bjarnadóttir. Á fundinum var lögð fram til umræðu og samþykktar stefna AkAk til næstu fjögurra ára og starfsáætlun næsta starfsárs. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur kynnti yfirlit sem hún hefur tekið saman fyrir AkAk um verk sem akademónar hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þess dags. Yfirlitið sýnir m.a. að á þessum tíma hafa 95 einstaklingar, þar af 60 konur og 35 karlar, dvalið á vettvangi AkAk um lengri eða skemmri tíma til að vinna að lokaritgerðum, ritverkum, rannsóknarskýrslum, tímaritsgreinum, útgefnu kennslufni, fyrirlestrum og sýningum. Námsmenn – bæði frá innlendum og erlendum háskólum - eru 67% þeirra sem unnið hafa innan AkAk. Einstaklingarnir hafa starfað á um 45 mismunandi fag- og fræðasviðum. AkAk er því aðsetur fyrir öflugt vísinda- og fræðastarf og gegnir mikilvægu hlutverki fyrir samfélagið. Fundargögn ársfundarins eru aðgengileg á heimasíðu AkAk undir [Skjalasafn](#).

Akureyrarbær og AkureyrarAkademían gerðu nýlega [samstarfssamning](#) sín á milli til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er að styðja við frumkvöðlastarf og um leið starfsemi AkAk með því að bjóða einstaklingum sem vinna að nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum upp á vinnuáðstöðu í húsnæði AkAk

sem Akureyrarbær greiðir fyrir. Starfsaðstöðunni fylgja skrifstofuhúsgögn, nettenging, aðgangur að prentara og sameiginlegri aðstöðu eins og fundaherbergi og eldhúsaðstöðu. Gert er ráð fyrir að starfsaðstaðan verði auglýst laus til umsóknar til sex mánaða í senn og að í haust verði auglýst í fyrsta skipti eftir umsóknum. Samningsaðilar hafa jafnframt sett [verklagsreglur](#) um auglýsingar og hvernig verður staðið að vali á þeim einstaklingum sem fá inni hjá AkAk hverju sinni.

### **Innanhúsfólk**

Frá því að síðasta fréttabréf AkAk kom út í apríl sl. hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum verkefnum eins og áður, haldið erindi á ráðstefnum, sent frá sér ritverk og lokið við ritgerðir og rannsóknir í grunn-, meistara- og doktorsnámi við innlenda og erlenda háskóla.

Sólveig Rósa Davíðsdóttir meistaranemi og sálfræðingur lauk í síðasta mánuði við meistararitgerð sína sem hún vann að hjá AkAk en hún fjallar um samspil vinnu og einkalífs og hlutverk stjórnenda í að aðstoða við að stuðla jafnvægi þar á. Sólveig Rósa hefur verið í MBA námi (Master of Business Administration) við Liverpool John Moores University í Liverpool og mun hún útskrifast þaðan í haust.

Hulda Sædís Bryngeirsdóttir doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við HA var með fyrirlestur á árlegri ráðstefnu Háskóla norðurlóða ([UArctic Congress](#)) sem var haldin í Reykjavík 15. – 18. maí sl. og fór að mestu leyti fram rafrænt. Fyrirlestur Huldu Sædísar hét: „*I'm a Survivor, not a Victim*”: *Motivating Factors in Post-traumatic Growth among women who have suffered Intimate Partner Violence*. Þar gerði Hulda Sædís grein fyrir rannsóknum sínum á eflingu kvenna (e. post-traumatic growth) sem hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi. Markmið rannsókna Huldu Sædísar er að greina hvaða leiðir konur fara til að eflast þrátt fyrir reynslu sína af ofbeldi í nánu sambandi, þeim sjálfum, ástvinum þeirra og samfélaginu í heild til heilla.

Daníel Gunnarsson útskrifaðist nýlega frá Háskólanum á Akureyri með B.A. gráðu í félagsvísindum en hann vann að lokaverkefni sínu hjá AkAk og ber það heitið *Samskipti aðila á vinnumarkaði. Reynsla Samtaka atvinnulífsins af þjóðarsáttar- og lífskjarasamningum*.

Bókin, *Saga netagerðar á Íslandi*, eftir dr. Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðing kom nýlega út í prentaðri útgáfu en áður var búið að gefa hana út sem rafbók. Útgefandi er Félag vélstjóra og málmæknimanna (VM). Netagerð er þar ein af fleiri fagreinum og í ritinu er þróun netagerðar fylgt frá fyrri öldum til nútímans. Einstakir forvígismenn greinarinnar eru kynntir og þeirra framlag rakið. Einnig fylgir samantekt á launa- og stéttabaráttu Nótar, félags netagerðarmanna. Á fyrstu árum Nótar unnu margar konur í netagerð og var félagið öflugt þegar kom að jafnlaunastefnu kynjanna og almennri jafnréttisbáttu kvenna. Jafnframt er því lýst hvernig reynt var að efla netagerð sem löggilda iðngrein innan íslensks skóla- og menntakerfis. Hægt er að nálgast bókina á [heimasíðu VM](#) bæði sem rafbók og á pdf formi. Þess ber geta að árið 2017 gaf félagið út, *Saga vélstjórastéttarinnar á Íslandi*, og var Sigurgeir einnig höfundur að þeirri bók.

Þann 18. júní sl. varði Steinunn A. Ólafsdóttir doktorsritgerð sína í heilbrigðisvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið: [Færni og aðstæður einstaklinga eftir heilaslag og ActivABLES fyrir heimaæfingar og daglega hreyfingu](#). Icelandic stroke survivors: Functioning and contextual factors and ActivABLES for home-based exercise and physical activity. Andmælendur voru dr. Charlotte Ytterberg, dósent við Karolinska Háskólann í Stokkhólmi og dr. Páll Eyjólfur Ingvarsson, sérfræðingur á LSH og klínískur dósent við Háskóla Íslands. Leiðbeinendur Steinunnar voru dr. Sólveig Ása Árnadóttir, dósent (einnig umsjónarkennari) við Læknadeild, námsbraut í sjúkraþjálfun, og dr. Þóra B. Hafsteinsdóttir, prófessor við Háskólann í Utrecht, Hollandi. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Helga Jónsdóttir prófessor, dr. Ingibjörg Hjaltadóttir prófessor og dr. Rose Galvin, dósent við University of Limerick. Jafnframt flutti Steinunn erindið *ActivABLES fyrir einstaklinga sem búa í heimahúsum eftir heilaslag og forsendur fyrir notkun á Sjönaukanum* árlegri ráðstefnu heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri sem haldin var 20.-21. maí og á 20. Líf- og heilbrigðisvísindaráðstefnu Háskóla Íslands sem haldin var 2.-3. júní hélt hún tvö erindi, *Stroke Impact Scale and community-dwelling stroke survivors* og *Use of ICF Linking Rules for a holistic view of functioning among community-dwelling stroke survivors*.

### **Kastljósið**

Hér er kastljósinu beint að einum einstaklingi í hópnum sem hefur aðsetur í húsnæði AkAk og að þessu sinni er það dr. Martina Huhtamäki.

Martina lauk doktorsprófi í norrænum málum frá Háskólanum í Helsinki árið 2015. Í postdoc verkefni sínu rannsakaði hún finnsk/sænsk samskiptamynstur í heilbrigðistengdum athöfnum en verkefnið var hluti af rannsóknarverkefni í Svíþjóð og Finnlandi (*Interaction and Variation in Pluricentric Languages*) og styrkt af Swedish Foundation for Humanities and Social Sciences. Markmið verkefnisins var að skoða tungumál sem töluð eru í fleiri en einu landi (e. pluricentric languages), eins og sænska í Svíþjóð og Finnlandi, og að bera saman samskiptamynstur milli landanna. Skoðaðir voru þrjú þættir samskiptanna, í þjónustu, menntun og heilsuefningu. Eftir að Martina lauk postdoc verkefni sínu hefur hún gegnt lektorsstöðu í norrænum málum við Háskólann í Helsinki.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861.

Veffang [www.akak.is](http://www.akak.is)

Ábyrgðarmaður Fréttabréfs AkAk Aðalheiður Steingrímsdóttir [adalheidur.steingrimsdottir@akak.is](mailto:adalheidur.steingrimsdottir@akak.is)